

Vatnsmýri

Flugvöllur



Aðalskipulag Reykjavíkur 1996-2016 - Vatnsmýri

Þann 17. mars 2001 fór fram almenn atkvæðagreiðsla meðal borgarbúa í Reykjavík um framtíðarnýtingu flugvallarsvæðisins í Vatnsmýri. Alls greiddu 30.219 atkvæði, eða 37,2% atkvæðisbærra manna í borginni. Af þeim vildu 14.913 að flugvöllurinn færi úr Vatnsmýrinni eftir árið 2016 en 14.520 vildu að flugvöllur yrði áfram staðsettur þar. Þessi niðurstaða er ekki bindandi fyrir borgarstjórn Reykjavíkur en aðalskipulagið tekur þó mið af henni þar sem gert er ráð fyrir að umfang flugvallarstarfsemi dragist saman í áföngum á skipulagstímabilinu en íbúðarbyggð og atvinnustarfsemi aukist að sama skapi.


Gert er ráð fyrir að á svæðinu austan núverandi flugbrautar O2-20 (norður-suður braut) verði byggð upp alhliða þjónustu- og samgöngumiðstöð og samhliða leggist af sá rekstur sem tengist núverandi flugstöð. Þessi uppbygging getur hafist strax á fyrsta hluta skipulagstímabilsins. Fyrri hluti skipulagstímabilsins verði að öðru leyti notaður til viðræðna við flugmálayfirvöld um framtíðarstaðsetningu innanlandsflugs á höfuðborgarsvæðinu eða í tengslum við núverandi flugvallarsvæði.

Meginröksemdir fyrir uppbyggingu íbúðar- og atvinnusvæða í Vatnsmýrinni

A. Styrkja miðborg Reykjavíkur og auka gæði byggðar. Með uppbyggingu í Vatnsmýrinni er lagður grunnur að heildstæðari borgarbyggð og ímynd Reykjavíkur og höfuðborgarsvæðisins sem alþjóðlegs borgarsvæðis er styrkt. Byggð í Vatnsmýri yrði mikilvægt bakland fyrir miðborgina og stuðlaði að eflingu hennar og betri nýtingu þeirra fjárfestinga sem þar eru. Það hljóta að vera hagsmunir þjóðarinnar allrar að hafa öfluga og aðlaðandi miðborg í höfuðborg landsins á tímum vaxandi ferðamennsku og alþjóðavæðingar.

B. Þétting byggðar og hagkvæm uppbygging borgar. Uppbygging á Vatnsmýrarsvæðinu í jaðri miðborgarinnar getur leitt til umtalsverðrar lækkunar á samgöngukostnaði og verulegs tímasparnaðar fyrir Reykvíkinga og íbúa höfuðborgarsvæðisins þegar til lengri tíma er litið. Í vinnu við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins voru gerðir umferðarreikningar fyrir mismunandi valkosti í þéttingu byggðar. Í þeim kom m.a. fram að ekin vegalengd á sólarhring yrði 80 til 100 þúsund km minni ef þétting byggðar yrðu 10 þúsund íbúðir í stað 3 þúsund íbúða. Þetta þýðir um 29 til 36 milljón km sparnað í ekinni vegalengd á ári sem mögulegt er að umreikna í verulegan orku- og tímasparnað, minni ökutækja- og slysakostnað og rekstrarkostnað gatnakerfis. Í svæðisskipulaginu er gert ráð fyrir 7.000 íbúða þéttingu á skipulagstímabilinu og vegur uppbygging á Vatnsmýrarsvæðinu þungt í þeim markmiðum. Hagkvæmni uppbyggingar á Vatnsmýrarsvæðinu kristallast m.a. í því mati sem lagt hefur verið á verðmæti lands í Vatnsmýrinni. Samkvæmt mati Aflvaka er verðmæti lands í Vatnsmýrinni 7.600 milljónir þegar miðað er við 5.000 íbúða byggð og atvinnuhúsnæði fyrir um 5.000 störf.

C. Skapa þróunarsvæði fyrir rannsóknir, hátækni, líftækni og önnur þekkingarfyrirtæki. Vatnsmýrarsvæðið uppfyllir öll skilyrði sem gerð eru til hátækni/líftækni- og visindagarða og staðsetningu þeirra, nálægð við háskólastofnanir, háskólasjúkrahús, fjölbreytt mannlíf í miðborg, gróin íbúðarhverfi, útivistarsvæði og góð tengsl við stofnbrautir. Í Vatnsmýrinni er mögulegt að skapa eftirsóknarverð skilyrði fyrir þessar ört vaxandi atvinnugreinar og getur slíkt skipt sköpum fyrir efnahagsþróun í landinu. Forsenda þess, að mögulegt verði að byggja öflugt þekkingarþorp í Vatnsmýrinni sem hefur varanlegt aðdráttarafl, er að tryggja vaxtarskilyrði þess til lengri framtíðar og til þess þarf verulegt landrymi. Ákvörðun um að stefnt skuli að framtíðaruppbyggingu



Vatnsmýri 2001-2016



Vatnsmyri 2016-2024



Ás rannsóknna og þekkingar

Landspítala-háskólasjúkrahúss við Hringbraut styrkir Vatnsmyrina enn frekar sem þróunarsvæði í þessu samhengi.

D. Umhverfis- og öryggisástæður. Alla tíð síðan byggður var varanlegur flugvöllur í Vatnsmyrinni á 5. áratug síðustu aldar hefur staðið yfir umræða um staðsetningu hans af umhverfis- og öryggisástæðum. Nálægð flugvallarins við íbúðarbyggð, helstu stjórnsýslustofnanir landsins, Landspítala-háskólasjúkrahús og stærstu olíuhöfn landsins hefur af mörgum verið talin óásættanleg, einkum vegna slyshættu en einnig vegna hljóðmengunar.

Landnotkun í Vatnsmyri 2001-2024

Aðalskipulagið gerir ráð fyrir að uppbygging í Vatnsmyrinni verði í nokkrum áföngum, eftir því sem flugvallarstarfsemin breytist (sjá 1. og 2. mynd á landnotkunarkorti aðalskipulagsins og kafla 3.2.1 í *Greinargerð I-Stefnumörkun*). Við gerð deiliskipulags á þessum svæðum verður stuðst við heildarskipulag en borgaryfirvöld áforma að efna til samkeppni um heildarskipulag Vatnsmyrarinnar á kjörtímabilinu 2002-2006 til að tryggja að svæðið verði skipulagt sem ein heild.

Gert er ráð fyrir að N-S brautin verði lögð af eftir 2016. Rökin fyrir því að leggja niður N-S brautina, sem er núverandi aðalflugbraut, fremur en A-V brautina, eru m.a. þau að með því skapast fyrr en ella samfellt atvinnusvæði nyrst í Vatnsmyrinni sem tengir saman háskólasvæðið og þekkingargarða þar við svæði Landspítala-háskólasjúkrahúss. Enn fremur er að- og brottflug að og frá N-S braut mun gagnrýniverðara af öryggis- og umhverfisástæðum heldur en að- og brottflug að og frá A-V braut. Skipulagstillagan gerir ráð fyrir að mögulegt verði að reka A-V flugbrautina á tímabilinu frá 2016 og til loka skipulagstímabilsins og er því frátekið rými á skipulagsupprætti í þessum tilgangi. Framvinda málsins alls verður hins vegar að leiða í ljós hvers konar flugstarfsemi verður fýsilegt að reka í Vatnsmyrinni á þessum hluta skipulagstímabilsins eða hvort hún leggist af með öllu. Sjónarmið flugrekstraráðila hljóta að ráða hér miklu um en ákvörðun þar að lútandi verða samgönguyfirvöld ríkisins að taka. Hins vegar er ljóst að ekki mun þróun byggðarinnar og uppbygging borgarinnar þrýsta á að allar flugbrautirnar verði lagðar af á skipulagstímabilinu.

Á vegum samvinnunefndar um svæðisskipulag var lagt í umtalsverða vinnu við að kanna möguleika á annarri staðsetningu innanlandsflugs í námunda við höfuðborgarsvæðið (sjá AR29-31, Ritaskrá I-III). Þær athuganir benda til þess að slíkir möguleikar eru fyrir hendi kjósi samgönguyfirvöld ríkisins að horfa frekar til þess en að flytja innanlandsflug til Keflavíkur. Ákveði yfirvöld samgöngumála hins vegar að flytja innanlandsflug til Keflavíkur mun í aðalskipulagi og svæðisskipulagi verða tryggt að greiðar samgöngur verði milli flugvallar og höfuðborgarsvæðisins.

Vísindagarður - þekkingarþorp

Ráðgert er að í norðurhluta Vatnsmyrarinnar risi vísindagarður og byggingar fyrir starfsemi tengdri þekkingariðnaði og rannsóknnum í tengslum við Háskóla Íslands sem og starfsemi sem getur styrkt miðborgina. Staðsetning vísindagarðs og starfsemi tengd þekkingariðnaði í nálægð við háskóla og miðborg er talin mjög ákjósanleg og styrkir miðborgina. Hún er jafnframt í nálægð við Landspítala-háskólasjúkrahús og skapast því eins konar ás þekkingar og rannsóknna á norðurhluta Vatnsmyrar.

Háskólinn kynnti á haustmánuðum 2001 hugmynd að útfærslu vísindagarðs í suðausturhluta háskólasvæðisins þar sem Náttúrufræðihús og bygging Íslenskrar erfðagreiningar eru þegar til staðar og verði mikilvægir hlutar svæðisins. Ráðgert er að byggingar verði um 70.000 m² og jafnframt gert ráð fyrir möguleikum til stækkunar. Áætluð næstu skref Háskólans eru að leita samstarfsaðila og stofna þróunarfélag um framkvæmd og rekstur, markaðssetja vísindagarðinn og leita fjármagns áður en farið er í framkvæmdir.